

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 20.01.2020

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða nr. 318/2019.

Fuglavernd telur að æskilegt sé að styrkja stöðu þjóðgarða og friðaðra svæða almennt séð á Íslandi, með það að leiðarljósi að efla náttúruvernd. Að mati Fuglaverndar er erfitt að meta hvort fyrirbyggjandi drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða nái í raun því markmiði. Í því samhengi má þá helst benda á þrjú atriði:

1. Hátt flækjustig stjórnskipulags. Æskilegt væri að einfalda og skýra stjórnskipulagið í frumvarpinu.
2. Mögulegur skortur á fagþekkingu á sviði náttúrufræða í stjórnskipulagi þjóðgarða en í frumvarpsdrögunum er ekki gert ráð fyrir neinni faglegri þekkingu þeirra sem skipaðir yrðu í umdæmisráð eða stjórnir.
3. Frumvarpið virðist nánast eingöngu taka mið af þjóðgörðum og vernduðum svæðum á landi en mjög æskilegt er að koma á vernduðum svæðum í sjó við Ísland. Frumvarpið þarf að taka mið af því að þjóðgarðar framtíðarinnar geti einnig orðið í sjó.

F. hönd stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri